

*Skattaspor*

*Arnarlax samstæðunnar á árinu 2016*



pwc

**ARNARLAX**

## Efnisýfirlit

- |                                  |                         |                                 |                          |
|----------------------------------|-------------------------|---------------------------------|--------------------------|
| <b>1</b> Skattaspor              | <b>2</b> Saga félagsins | <b>3</b> Beinir skattar         | <b>4</b> Óbeinir skattar |
| <b>5</b> skattar af starfsmönnum | <b>6</b> Lífeyrissjóður | <b>7</b> Aðrir skattar og gjöld | <b>8</b> Samantekt       |

# „Hvað er skattaspor?“

Skattaspor er tæki fyrir íslensk fyrirtæki til að sýna með einföldum hætti þær skattgreiðslur og gjöld sem fyrirtækið greiðir til samfélagsins.

Um er að ræða stutta skýrslu sem getur gert almenningu grein fyrir því hvaða skatta og gjöld félagjöld er að greiða. Þannig má útskýra eins flókkinn hlut og skattamál á einfaldari hátt.

Skattaspor er tæki fyrir íslensk fyrirtæki til að veita almenningu innsýn í skattaprofil fyrirtækisins en líka til þess að bregðast hratt við fyrirsprungum einstaklinga eða fjöldiðla eða vegna óskýrleika í opinberri umræðu.

Einnig má nota skattasporið innan fyrirtækisins. Upplýsingarnar í skýrslunni geta veitt leiðbeiningar við gerð viðskiptáætlana euk þess sem skattgreiðslur kunna að gefa stjórnendum ákvæðnar visitöluvar varðandi rekstur fyrirtækis á milli ára.

Hættan af allri skattaumræðu í fjölmiljum er að hlutir geta verið teknir úr samhengi eða að ofuráhersla sé lögð á einstaka gjöld eða skatta. Með skattaspori er gerð grein fyrir öllum sköttum og gjöldum til opinbera aðila í eimi samantekt.



# „Hvað er skattaspor?“

Þegar árið 2005 hóf PwC erlendis að benda á mikilvægi þess að fyrirtæki gætu með skýrum hætti sýnt samfélaginu fram á þá skatta og gjöld sem þau greiða. Má segja að lagður hafi verið grunnur að þeirri hugmyndafræði sem skattaspor PwC byggir á með útgáfu greinarinnar The Total Tax Contribution Framework: What is your overall contribution in taxes?

Á þeim 12 árum frá því að greinin kom út hefur þörfin á síliku tæki aðeins farið vaxandi með sífellt flóknari viðskipta- og skattaumhverfi.

PwC á Íslandi býður fyrirtækjum nú upp á úttekt á skattaspori þeirra. Er það gert á einfaldan hátt með því að fyrirtæki senda inn nauðsynlegar upplýsingar og starfssólk PwC sé um að vinna úr upplýsingunum.



# „fyrirtækí greiðir til ríkis, sveitarfélaga og líseyrissjóða“

Skattaspor fyrirtækis samanstendur af öllum þeim sköttum og gjöldum sem fyrirtæki greiðir til ríkis, sveitarfélaga og líseyrissjóða.

Skattar skiptast venjulega í tvennt, annars vegar skattar fyrirtækisins (s.s. teljkuskattur og virðisaukaskattur) og svo skattar mannaúðs fyrirtækisins (teljkuskattur, útsvar, tryggingagjald).

Aulk þess greiða felög ýmis opinber gjöld til ríkis og sveitarfélaga. Ær í skattasporinu einnig gerð grein fyrir þessum gjöldum.



# „Árið 2009, Arnarlax hf. var stofnað



Arnlax hf. var stofnað árið 2009 í Bíldudal á Vestfjörðum og er starfsssemi félagsins fólgjð í laxeldi í sjó. Félagjór rekur eigin sjókvíar og framleiðslustöðvar. Framleiðsluveyfi félagsins eru staðsett í Arnarfirði, Tálknafirði og Patreksfirði og nema 14.500 tonnum af laxi.

Árið 2014 tök félagjór upp norska framleiðslustöðla fyrir laxeldi. Á því ári var gengjóð frá kaupunum á þjónustuskípi og hafist var handa við að bæta eldis- og framleiðsluaðstöðu fyrirtækisins.

Þann 1. júlí árið 2016 keypti Arnarlax félagjóð Fjarðalax og við það verður starfsemið umfangsmenni. Fjarðarlax hafði þá hafið ræktun á sjöundi kynslóð laxahroagna.

Fyrirhugaðar eru framkvæmdir við byggingu kassaverksmiðju á Bíldudal auch stækkunar seiðastöðvan í Tálknafirði árið 2017.

# ’’reiðenast af hagnaði ársins’’

Tekjuskattur félagsins reiknast af hagnaði ársins. Fjárhæðin skiptist í tvennt, annars vegar skatt sem kemur til greiðslu á næsta ári og hins vegar frestaðan skatt sem greiðist seinna. Gildandi skattprósenta er 20%.

Félagið er sem stendur statt í mikilli upphbyggingu og hefur lagt út mikinn kostnað vegna starfseminnar á undanförum árum. Uppbygging laxeldis er kostnaðarsamt og hefur félagið emi ekki skilað hagnaði. Gert er ráð fyrir því í

fjárhagsáætlun félagsins að það muni skila hagnaði á þessu ári. Félagið hefur því ekki greitt tekjuskatt þar sem félagið hefur verið með skattalegt tap undanfarin ár.



*Miðað við tekjuáætlun mun skattinneign klárast á næsta ári og væntanlega þá greiða tekjuskatt miðað við óbreyttar forsendur.*

# Tollar og vörugjöld/aðflutningsgjöld



Aðflutningsgjöld eru opinber gjöld sem félagið greiðir vagna aðkeypta aðfanga erlendis frá. Er þar um að ræða tolla og vörugjöld á hinum ýmsu vörum sem greidd eru til riskissjóðs.


Fyrirtækið selur vörur sínar að stærstum hluta til útlanda. Útflutningur vörurnar sem framleidd er, skilar bjóðarbíunu tekjun og færir gjaldeyri inn í landið. Útflutningur er undanþeginn virðisaukaskatti.

Virðisaukaskattur er óbeinn skattur sem leggst á virðisaukaskattskýlda aðila. Er hann innheimtur af innlendum viðskiptum á öllum stigum. Fyrirtækið greiðir innskatt af keyptum aðföngum.

*Greidd aðflutningsgjöld ársins námu samtals kr. 18 milljónum.*

## *Skattar af starfsmönnum*

# Allir skattar og opinber gjöld sem reiknast af launum starfsmanna



Meðalföldi starfsmanna á árinu 2016 hjá Arnarlaxi og tengdum félögum var um 118 starfsmenn. Til viðbótar starfa þar verktakar við ýmis verkefni. Af launum hvers starfsmanns reiknast skattar og opinber gjöld. Vinnuveitandi sér um að halda eftir staðgreiðslu af launum og tryggingagjaldi.



Staðgreiðsla af launum sem standa á skil á skiptist í tvær: Annars vegar tekjuskatt einstaklinga sem rennur til ríkisins og hins vegar útsvar sem rennur til sveitarfélagsins þar sem starfsmaðurinn er búsettur.

Tryggingagjald er gjald sem rennur í avinnuleysiþryggingasjóð og er síðan ráðstaðað í fleiri félagslega jöfnunarsjóði.

Auk þeirra beinu starfa í fiskeldi sem Arnarlax skapar, myndast líka fléiri tengd afleidd störf í þjónustu og aukinni umsýslu. Samkvæmt upplýsingum frá Samtökum fiskeldisstöðva er talið að bein störf í fiskeldi á Íslandi hafi árið 2016 verið 360 störf og tengd og afleidd störf um 200 störf. Heimfært á starfsemi Arnarlax þýðir þetta að ca. 65 störf skapast utan felagsins af tilvist samstæðu Arnarlax.

*Skattar af starfsmönnum mámu samtals kr. 377 milljónum, þar af kr. 299 milljónir í staðgreiðslu skatta og kr. 78 milljónir í tryggingagjald.*

# „Félagið greiðir 8% mótframlag af launum í lífeyrissjóð starfsmanna.“



Starfsmenn Arnar lax voru að meðaltali 118 talsins á árinu 2016 og greiða þeir lögum samkvæmt 4% af launum sínum í lífeyrissjóð. Félagið sem laungreiðandi greiðir 8% mótframlag í lífeyrissjóð starfsmannsins.

Hjá félaginu starfa einnig verktakar og sjá þeir sjálfir um að standa skil á greiðslum í lífeyrissjóð. Greiðslur þeirra samkvæmt skattasporinu eru því reiknuð stærð og koma til viðbótar þeim stærðum sem settar eru fram hér.


Samtals hafa framlög í lífeyrissjóði numið kr. 124 milljónum á árinu.

## Aðrir skattar og gjöld

# „Fasteignagjöld”

Fasteignagjöld eru gjöld sem eru lögð á allar fasteignir álega. Þau skiptast m.a. niður í fasteignaskatt, löðaleigu, sorphirðugjald og gjald vegna endurvinnslustöðva. Er gjaldin hærra á atvinnuhúsnæði en á íbúðahúsnæði.

Fasteignagjöldin sem Arnarlax greiðir renna til sveitarfélaganna þar sem atvinnuhúsnæði félagsins er staðsett eins og sundurliðað er hér til hliðar.



- Ölfus ■ Vesturbýggð ■ Tálknafjörður

Greidd fasteignagjöld námu samtals kr. 4,5 milljónum.

# „Gjöld til Umhverfissjóðs sjókvíaeldis“

Arnarlax hf. greiddi samtals tæplega 30 milljónir króna í Umhverfissjóð sjókvíaeldis á árinu 2016. Markmið sjóðsins er að lágmarka umhverfisáhrif af völdum sjókvíaeldis. Ær sjóðurinn fjármagnaður af handhöfum fiskeldisréttára, líkt og Arnarlax, og fjármagnar sjóðurinn verkefni sem lúta að því að aðlagu fiskeldi á Íslandi sem best að umhverfisskilyrðunum sem hér eru fyrir hendi. Þannig má lágmarka umhverfisáhrif af völdum sjókvíaeldis.

Sjóðurinn sinnir þessu hlutverki sínu með rannsóknir vagna til dæmis burðarpolsmats, vöktunar og annarra verkefna sem stjórn sjóðsins ákveður aust þess sem honum er heimilt að veita veiðiréttöfum styrki til að mæta kostnaði eða tekjumissi sem ekki er hægt að rekja til ákveðinnar eldiss töðvar.

Greidd gjöld í umhverfissjóð námu tæplega kr. 30 milljónum á árinu.

## Aðrir skattar og gjöld

# „Ýmis gjöld til ríkis og sveitarfélaga“

Arnarlax er með starfsemi í þremur sveitarfélögum, Vesturbýggð, Ölfusi og Tálknafirði. Í tengslum við þessar starfsstöðvar greiðir félagjöld sem renna til þessara sveitarfélaga. Er meðal annars um að ræða ýmis þjónustugjöld, gjöld vegna heilbrigðiseftirlits og gjöld til byggingarfulltrúa.

Hafnargjöld eru gjöld sem renna í hafnarsjóð viðkomandi hafnar. Gjaldið tekur mið af stærð skipa samkvæmt alþjóðlegum mælibréfi og eru gjöldin greidd af öllum skipum sem koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og/eða nota þjónustu hennar.


Arnarlax greiðir auk hafnargjalta líka aflagjöld í hafnarsjóð. Aflagjald er gjald sem greitt er af afla skipsins við löndun í höfninni.

- Ríkið
- Sveitarfélög


- Vesturbýggð
- Tálknafjörður

Samstæðan greiddi til sveitarfélaga tæpar kr. 55 milljónir í ýmis gjöld á árinu. Staersti hlutinn var vegna afla- og hafnargjalta eða samtals kr. 48 milljónir.

### Ríki og sveitarfélög




### Sveitarfélög



Ýmis gjöld til ríkis og sveitarfélaga á árinu námu tæpum kr. 63 milljónum

## Aðrín skattar og gjöld

# „Aðkeypt bjónustafrá ýmsum fyrirtækjum“



Auk þess sem Arnlax er með fjölda starfsmanna í vinnu þá kaupir félagið einnig bjónustu af ýmsum innlendum bjónustuaðilum. Úm er að ræða bjónustufyrirtæki af öllum stærðum og gerðum, allt frá eimyrkjum upp í stórfyrirtæki.

Á meðal peirrar bjónustu sem pessir aðilar veita Arnarlaxi má nefna rafíðn, gámaþjónustu, skipaafgreiðslu, köfun, akstur og margt fleira.

Fyrirtæki sem Arnlax kaupir bjónustuna af eru staðsett víðsvegar um landið.

Arnlax samstæðan keypti innlenda bjónustu fyrir um kr. 1,2 milljarða sem er um 29% af rekstrarkostnaði á árinu 2016.

- Framleiðslukostnaður (þar með verktagar)
- Laun og tengd gjöld
- Annar rekstrarkostnaður

*Rekstrarkostnaður samstæðunnar án afskrifta  
nam samtals kr. 4.123 milljónum.*


## Samantekt

# Samandregið...

Árinu 2016 eru greiðslur í skattaspri um kr. 616 milljónir króna.


Þegar litið er á heildarmyndina af sköttum og gjöldum sem Arnarlax samstæða greiðir sést að staersti hluti þess eru skattar starfsmanna. Viðbúið er að þetta breytist á komandi árum með vaxandi arðsemi af fjárfestingum félagsins.

Uppbygging fiskeldis tekur langan tíma, kallar á miklar fjárfestingar og felur í sér mikinn kostnað í upphafi. Við slíkar aðstæður verður að horfa til lengri tíma en til skamms tíma safnast upp skattalegt tap af rekstri. Með auknum tekjum og hagnaði á komandi árum mun uppsafnað skattalegt tap nýtast í rekstri félagsins og að lokum skila sér í auknum skatttekjum til ríkisins.



- Skattar starfsmanna (377 m.kr.) ■ Framlög í lífeyrissjóð (124 m.kr.)
- Aðflutningsgjöld (18 m.kr.) ■ Gjald í umhverfissjóð (30 m.kr.)
- Afla og hafnargjöld (48 m.kr.) ■ Önnur gjöld (19 m.kr.)

Greiðslur á árinu til hins opinbera og lífeyrissjóða námu samtals kr. 616 milljónum.



© 2016